

V.S. Útivist ehf.
Pósthólf 5060
125 Reykjavík

Vestmannaeyjum 28. júní 2017
UST201706-216/P.V.B.
09.04.04

Efni: Landmannahellir, leyfi til uppsetningar gestahús

Umhverfisstofnun hefur móttakið umsókn Tryggva Baldurssonar fyrir hönd V.S. Útivistar dag. 25. júní 2017 um leyfi til uppsetningar á 35 m² einingahúsi við Landmannahelli.

Landmannahellir er innan friðlandsins að Fjallabaki. Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask innan friðlandsins að Fjallabaki er háð samþykki stofnunarinnar, sbr. 5. gr. friðlýsingaskilmála friðlandsins, sbr. auglýsing nr. 354/1979 í B-deild Stjórnartíðinda.

Lýsing framkvæmdar:

Um er að ræða uppsetningu á 35m² gestahúsi við fjallaskála í eigu félagsins sem staðsettur er við Landmannahelli. Yrði það staðsett innan sama byggingarreits. Húsið er flutt til landsins ósamsett og verður sett upp á staðnum. Er það grundað á staurum. Hæð húsins er um 3,25 metrar. Um er að ræða lágstemt hús sem stenst viðmið um útlit bygginga á svæðinu. Húsið er hugsað sem verkfæra- og eldiviðargeymsla ásamt aðstöðu fyrir umsjónarmann V.S. Útivistar á staðnum.

Áhrifamat:

Um er að ræða mannvirkjagerð á áður röskuðu svæði innan svæðis sem ætlað er fyrir ferðaþjónustu skv. deiliskipulagi. Rask sem fylgir framkvæmdinni verður bundið við byggingarreitinn og hún því ekki talin líkleg til að skerða verndargildi svæðisins.

Skilyrði

Umhverfisstofnun heimilar fyrir sitt leyti framkvæmdina með eftirfarandi skilyrðum:

- Öllu raski við framkvæmdina verði haldið í algeru lágmarki og bundið við byggingarreitinn.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Að húsið falli vel inn í umhverfið og samræmi verði í útliti þess og þeirra bygginga sem fyrir eru á svæðinu.
- Ekki verði farið í uppgræðslu í kringum húsið nema í samráði við Umhverfisstofnun og verði leytast við að halda í það gróðurfar sem fyrir er á svæðinu.
- Aðrar framkvæmdir í tengslum við uppsetningu húsins svo sem uppsetning girðinga og staðsetning bílastæða verði gerðar í samráði við Umhverfisstofnun.
- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær framkvæmdir hefjast og þegar þeim lýkur.

- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnaupplýsingum.


Leyfisgjald

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi á friðlýstum svæðum á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir starfsemi og framkvæmdir á friðlýstum svæðum er 39.400 kr., sbr. 24. gr. b. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu.

Virðingarfyllst



Sigrún Ágústsdóttir
Sviðstjóri



Hákon Ásgeirsson
Sérfræðingur